



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGODINN

JÓLAKVEÐJA SKÓLASTJÓRA



Gleðileg
jól

Menntun
hugans án
menntunar
hjartans er
alls engin
menntun.

Ætíð eru það sömu hughrifin sem fylgja jólaguðspjallinu en þó alltaf ný. Er það í raun ekki yndislegt, að á tímum örra breytinga og mikils hraða í samfélaginu okkar, að sumt breytist ekki breytinganna vegna. Gott dæmi um slíkt er jólaguðspjallið og boðskapur þess. Alltaf eins hlýlegt, tryggt, notalegt, gott og fær hugann til að reika um liðnar stundir.

Jólaguðspjallið vekur yndislegar kenndir í brjóstum okkar og minningar vakna um löngu liðin jól. Þótt líði ár og jafnvel öld fyrir sumum þá finnst okkur mörgum að jólahátíðin gangi í garð þegar kirkjuklukkurnar slá til hátíðar og aftansöngs og við heyrum upphafsorð jólaguðspjallsins lesin: "En það bar til um þessar mundir að boð kom frá Ágústus keisara, að skrásetja skyldi alla heimsbyggðina". Þá er hin heilaga jólasaga efst í huga okkar, myndræn og fögur. Sem betur fer eigum við flest góðar minningar sem vakna til lífs í skammdeginu og lýsa upp tilveruna, ljós sem jafnvel bekkjarbræður og systur eða aðrir skólafélagar og vinir hafa kveikt með kærleiksríku viðmóti og góðum hug.

Enginn veit sína ævina fyrr en öll er og einmitt þess vegna er svo gott að leyfa boðskap jólanna að verka á mann. Guð er ekki loft, ský eða blámi himinsins heldur persóna sem við sjáum bregða fyrir í kærleiksríku faðmlagi þess sem okkur er næstur eða náungans sem við mætum á lífsleiðinni og vill hjálpa okkur

Oft gleymum við að þakka fyrir þau fríðindi sem við búum við í nútíma samfélagi. Sjálfsagt þykir okkur flestum að eiga í okkur og á, húsnæði, fæði og klæði. Svo er þó ekki um alla og þeir standa okkur jafnvel nær en við gerum okkur grein fyrir.

Í tengslum við jólahald í skólum eru pakkaleikir á stofujólum gjarnan eitt atriðanna. Við í Áslandsskóla höfum ákveðið að feta aðra leið hvað þetta varðar. Hver nemandi og hver starfsmaður mætir með lokað umslag með a.m.k. 200.- krónum. Fjármunum verður síðan safnað saman og við lok síðustu skemmtunar á sal skólans, litlu-jólum 5.-6. bekkja föstudaginn 19. desember, verður sú upphæð sem til safnast afhent fulltrúa Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar. Með þessu viljum við, af okkar veika mætti sýna hug okkar í verki. Réttu litla hjálparhönd og opna okkar kærleiksríka faðm til þeirra sem minna mega sín enda þjónusta við samfélagið ein af hornstoðum skólastefnunnar okkar.

Ég vil að lokum óska nemendum Áslandsskóla og forráðamönnum þeirra, starfsfólki, öðrum í okkar góða skólasamfélagi og Hafnfirðingum öllum gleðilegrar jólahátíðar, árs og friðar. Það er mikilvægara en orð fá lýst að við látum friðarljós Drottins efla með okkur trú og bjartsýni. Að ljós hans gefi okkur kraft til að gera ríki hans að veruleika meðal mannanna.

*Veitir Drottinn von og trú,
vetrardaga gerir bjarta.
Minningarnar margar nú,
megi göfga okkar hjarta*
(Atli Guðlaugsson, 2002)

Leifur S. Garðarsson
Skólastjóri

Heilsdagsskóli í jólafrú

Fimmtudaginn 18. desember og föstudaginn 19. desember verður skólastarf með sveigjanlegum hætti eins og tilgreint er á skóladagatali.

Fimmtudaginn 18. desember verður heilsdagsskólinn opinn frá 11:50 til 17:30, eða frá því að hádegisverði nemenda lýkur.

Föstudaginn 19. desember verður heilsdagsskólinn opinn frá kl. 8:00 til 17:30.

Heilsdagsskólinn er opinn í jólafrú nemenda sem hér segir:

Mánudagur 22. desember frá kl. 8:00—17:30

Þriðjudaginn 23. desember frá kl. 8:00—12:30

Mánudaginn 29. desember frá kl. 8:00—17:30

Þriðjudaginn 30. desember frá kl. 8:00—17:30

Þeir forráðmenn sem hyggjast nýta sér heilsdagsskólann í jólafrú eða breyta viðveru þann 18. og 19. desember, verða því að fylla út þar til gert pöntunarblað sem tilgreinir dvalartíma. Einnig þarf greiðslukvittun að fylgja sem staðfesting þess að greiðsla hafi átt sér stað. **Slíkt þarf að berast á skrifstofu skólans fyrir föstudaginn 12. desember. Ekki verður unnt að verða við ósk um dvöl þessa daga berist hún síðar.**

Það skal þó tekið fram að jólafrú er auðvitað frí nemenda frá skóla og oft getur verið gott að hvílast aðeins á skólatengdu starfi svo nemendur komi endurnærðir til baka.

Gjald fyrir hverja klukkustund er 150 krónur, sé barn lengur en til kl. 14.00 bætist við kr. 150.– pr. dag vegna nestispakka.

Vel heppnaðar skólaheimsóknir

Starfsfólk Áslandsskóla hélt sl. föstudag í náms- og kynnisferð norður í land.

Þegar komið var til Akureyrar var haldið rakleiðis í Hrafnagilsskóla. Þar var skólinn skoðaður og síðan hófst fræðsla um lífsleiknistarf skólans. Það byggir á svipuðum hugmyndum og okkar en er komið aðeins lengra. Hádegisverður var snæddur á Hrafnagili og síðan haldið í Þelamerkurskóla. Þar ræður ríkjum Anna Lilja Sigurðardóttir sem starfaði í Áslandsskóla sl. vetur.

Heimsókn þessi var í senn lærdómsrík og ánægjuleg. Starfsfólk fékk margar góðar hugmyndir í ferðinni sem munu nýtast í áframhaldandi þróunarvinnu í Áslandsskóla.

Áslandsskóli styrkir Mæðrastyrksnefnd

Í tengslum við jólahald í skólum eru pakkaleikir á stofujólum gjarnan eitt atriðanna.

Við í Áslandsskóla höfum ákveðið að feta aðra leið hvað þetta varðar. Hver nemandi og hver starfsmaður mætir með lokað umslag með a.m.k. 200.- krónum.

Fjármunum verður síðan safnað saman og við lok síðustu skemmtunar á sal skólans, litlu-jólum 5.-6. bekkja föstudaginn 19. desember, verður sú upphæð sem til safnast afhent fulltrúa Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar.

Gert er ráð fyrir því að afhending fari fram um kl. 11:50 á sal skólans.



Til áréttingar

Mánudagur 5. janúar

Um miðjan janúar

Miðvikudagur 28. janúar

Þriðjudagur 10. febrúar

Mánudagur 23. febrúar

Þriðjudagur 24. febrúar

Miðvikudagur 25. febrúar

Fimmtudagur 26. febrúar

Föstudagur 27. febrúar

Skóli hefst á ný

Miðsvetrarpróf

Skipulagsdagur

Viðtalsdagur

Bolludagur

Sprennidagur

Öskudagur

Vetrarfrí

Vetrarfrí

Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is



Flórgoðinn
Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson, skólastjóri